


# Þjóðsagnafræði

- sögur, brandarar, gátur, málshættir, rímur o.fl.
  - það sem við segjum eða skrifum niður
  - hægt að miðla sögum á marga vegu
- 

## Greint á milli ólíkra sagna:

- hvernig er sagan römmuð inn?
  - hver eru upphafsorðin?
- munurinn felst í viðbrögðum sem við búumst við

# Þjóðsögur

- berast upphaflega munnlega
  - enginn þekktur höfundur
  - þróast og breytast
  - ólíkar útgáfur
- oft skráðar vegna ótta við glötun
- geta misst virkni sína

# Skiptast í

- ævintýri

- sagnir (þjóðsögur)

- goðsagnir



## Ævintýri:

- tími, rúm og umhverfi skipta litlu
  - yfirleitt lengri en sagnir
    - enda yfirleitt vel
  - hugsaðar sem afþreying
    - ekki sannar

## Sagnir:

- gerast í kunnuglegum heimi
- eru á okkar tíma eða tíma sem er þekktur
  - lagður trúnaður á þær
- skiptast í reynslu- og sögusagnir

Reynslusögn: sögumaður byggir á  
eigin reynslu

Sögusögn: sögumaður segir frá  
reynslu annarra

Geta báðar þróast yfir í flökkusagnir.

## Goðsagnir:

- nokkurs konar helgisagnir
- eiga sér oft stað í raunverulegum heimi en í fortíð
- minnir oft á ævintýri en á samt að trúa





